

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR fiskvinnslu

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir fiskvinnslu, frystihús, rækjuvinnslu og aðra skelfiskvinnslu. Einnig starfsemi þar sem stunduð er saltfiskvinnsla, marinerung, niðursuða, reyking eða þurrkun fiskafurða.	550/2018 5. gr.	
1.2	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018 13. og 56. gr.	
1.4	Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með starfseminni. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um: <ol style="list-style-type: none"> <li>Afstöðumynd af stöðinni sem sýnir m.a. frárennislagnir og hreinsivirki sem kunna að vera til staðar og safna skal upplýsingum um breytingar, viðhald og tæmingu þeirra.</li> <li>Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.</li> <li>Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í rekstrinum ásamt viðhaldi búnaðarins.</li> <li>Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.</li> <li>Öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Bregðast skal skjótt við ef mengunaróhöpp verða. Gera skal viðbragðsáætlanir þar sem við á.</li> <li>Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna starfseminnar.</li> </ol> Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum án fyrirvara.	550/2018 8. og 57. gr.	

## 2. VARNIR GEGN MENGUN UMHVERFIS

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Beita skal bestu aðgengilegu tækni til að fyrirbyggja mengun vatns og sjávar.	550/2018 8. gr. 796/1999 12. gr.	
2.2	Rekstraraðila er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði hans sé fyllsta hreinlætis gætt. Vélar og tæki, hráefni, úrgang og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta. Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum. Athafnasvæði rekstraraðila skal lagt bundnu slitlagi og geymslusvæði girt af eftir þörfum. Geymsla á óhreinum körum og kössum utandyra er óheimil.	737/2003 16. og 18. gr.	
2.3	Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtakanda í samráði við viðeigandi heilbrigðisnefnd.	796/1999 5. gr., rgl. nr. 798/1999 5., 25. og 26. gr. og rgl. nr. 799/1999	
2.4	Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig háttáð að ekki valdi ónæði eða óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.	787/1999	
2.5	Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð um hávaða.	724/2008	
2.6	Stefnt skal að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annars staðar eða til förgunar. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa.	737/2003 11. gr.	
2.7	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrífist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi.	941/2002 11. gr. og rgl. nr. 737/2003 16. og 17. gr.	
2.8	Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun og haldin skal dagbók um allt sem viðkemur viðhaldi og rekstri kælimiðla. Fara skal eftir leiðbeiningum frá heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun um kælimiðla.	970/2013	

2.9	Ef mengunaróhapp verður, s.s. leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefni eða úrgangsefnum, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.	550/2018	
2.10	Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleika þeirra hættulegu efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustaðnum.	941/2002 60. gr. og rgl. nr. 796/1999	
2.11	Verði rekstrinum hætt skal, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæðinu að ekki valdi mengunar- eða slyshættu.	550/2018 8. gr.	

### 3. LOSUNARMÖRK OG SÝNATAKA

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Þar sem frárennsli er veitt í fráveitukerfi sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem leyfisveitandi starfsleyfis setur fyrir fráveitukerfi.	798/1999	
3.2	Ef frárennsli rekstraraðila rennur beint í viðtakanda skal hann uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til losunar tiltekinna efna með umhverfismörkum í viðeigandi reglugerðum.	796/1999 og rgl. nr. 798/1999	
3.3	Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisnefnd, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.	550/2018 og sbr. fylgiskjal 1 og 2 með rgl. nr. 798/1999	

**Starfsleyfissskýrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.